

19. mars 2019 að Víkurbraut 62, kl. 14:00

Mætt voru:

Kjartan Fr. Adólfsson (bæjarskrifstofur) – formaður

Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

Örn Sigurðsson (Grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (Grunnskólinn)

Sigurður R. Karlsson (Þjónustumiðstöð)

Ólafur Sigurberg Hafsteinsson (Túngata 15-17)

Ásmundur Jónsson (slökkvilið).

1. Skipan nefndarinnar.

Frá því nefndin kom síðast saman hefur sú breyting orðið á skipan fulltrúa, að nýr fulltrúi er komin frá bæjarskrifstofum, sem jafnframt er formaður. Sigurður Karlsson sem setið hefur í nefndinni fyrir hönd þjónustumiðstöðvar tilkynnti að þetta væri hans síðasti fundur, en Baldur Pálsson mun koma nýr inn á næsta fund. Enn er óljóst hverjir munu verða fulltrúar hafnarinnar og íþróttamiðstöðvar. En formaður hefur óskað eftir við forstöðumenn að þeir skili inn nöfnum.

2. Vinnuumhverfi: samskipti yfirmanna og undirmanna á bæjarskrifstofum.

Í framhaldi af 34. fundi nefndarinnar, frá 30. október 2018, var farið lauslega yfir málið. Í ljós kom að málið er í góðum farvegi og því engin ástæða til inngrips af hálfu nefndarinnar.

3. Merkingar á hjartastuðtækjum.

Á árinu 2018 voru keypt hjartastuðtæki á stofnanir bæjarins, í framhaldinu fengu starfsmenn kennslu á tækin. Hinsvegar virðist aðeins vanta upp á, á nokkrum stöðum að gera merkingar tækjanna betri og einnig að um AED tæki sé að ræða.

4. Myndavélakerfi.

Rætt var um möguleika á uppsetningu á myndavélum, þar sem hjartastuðtæki eru staðsett. Einkum var rætt um mögulega þörf á myndavél í grunnskólanum vegna fjölmennis til að koma frekar í veg fyrir skemmdir vegna óvitaskapar. Umræður sköpuðust um heimildir fyrir uppsetningu slíkra véla, með tilliti til persónuverndarlaga. Eins muninn á því hvort slíkar vélar væru öryggis- eða eftirlitsmyndavélar. Einnig hver eða hverjir myndu hafa heimild til að skoða upptökur úr vélunum.

5. Viðbragðsáætlanir við slysum og hættum.

Farið var yfir þörfina á viðbragðsáætlunum á stofnunum bæjarins. Einnig rætt um að bæta mætti merkingar t.d. í skólum og leikskólum til að auðvelda og flýta fyrir aðkomu sjúkra- og slökkviliðsbifreiða.

6. Útkallslisti.

Rætt var um að beina því til stofnana bæjararins að útbúin verði „útkallslisti“ fyrir hverja stofnun fyrir sig. Á þessum lista yrðu nöfn tveggja tengiliða, sem starfsmaður vildi að haft yrði samband við ef óvæntar aðstæður bæri að garði. Umræður sköpuðust um hugsanleg brot á persónuverndarlögum með slíkum listum, t.d. hver eða hverjir hefðu aðgang að honum og einnig hvar slíkur listi mætti vera staðsettur. Ákveðið var að leita upplýsinga hjá persónuverndarfulltrúa.

7. Önnur mál.

Fram kom að enn vantar að setja upp hjartastuðtæki í Slökkvistöð og í Kvikuna. Ákveðið að bregðast við því sem fyrst.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl. 14:55

Næsti fundur verður haldinn 30. apríl 2019 kl. 14.